

## **226. fundur skólanefndar Fjölbautaskóla Suðurlands – haldinn 11. október 2024**

Mætt: Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir (fulltrúi nemenda), Ellý Tómasdóttir (skipuð af ráðherra), Fríða Rut Stefánsdóttir (fulltrúi foreldra), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Soffía Sveinsdóttir (skólameistari), Samúel Örn Erlingsson (skipaður af ráðherra) Sigurður Einar Guðjónsson (fulltrúi sveitarfélaganna), Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari), Sigþrúður Harðardóttir (varafulltrúi kennara).

Guðbjörg Bergsveinsdóttir (fulltrúi kennara) boðaði forföll.

Gestur á fundi: Björgvin E. Björgvinsson (áfangastjóri).

Formaður skólanefndar setti fundinn kl. 13:30 og bauð nýjan skólameistara sérstaklega velkominn til starfa og nýja nefndarmenn. Í ljósi fjölda dagskrárið var ákveðið að forgangsraða þeim í upphafi fundar. Umfjöllun um vinnuvélaherma og fjármál var frestað til næsta fundar.

### **Dagskrá:**

1. Tölfræði annarinnar (Björgvin)
2. Gjaldskrá (Sigursveinn)
3. Starfsmannamál (Sigursveinn/Soffía)
4. Kvöldskóli (Sigursveinn)
5. Heimavist (Soffía)
6. Önnur mál (húsnaðismál ef tími)

### **1. Tölfræði annarinnar - BEB**

Áfangastjóri fór yfir helstu tölfræði haustannar. Nemendafjöldi í dagskóla er 979, þar af 284 nýnemar sem er fjölgun um 40 frá því á sama tíma á síðasta ári. Nemendum heldur áfram að fjölga eftir styttinguna. Umræða um nemendaígildi sem við fáum greitt fyrir og erum með í raun og hvort við þurfum mögulega að hafna einhverjum umsækjendum.

Áfram er opna línan langfjölmennasta bóknámsbrautin og húsasmíði fjölmennust af iðnnámsbrautunum. Höfum þurft að hafna nemendum í húsasmíði og rafvirkjun aðallega en einnig í einhverjar fleiri starfsnámsbrautir.

Umræða um þá staðreynd að ekki hafi fengist leyfi fyrir því að taka inn hóp nemenda í rafvirkjun í kvöldskólanum en þau svör fengust að ekki væri svigrúm fyrir það á næsta ári.

SMS BN  
B  
GB

Umræða um kynjaskiptingu í starfsnámi, er misjöfn milli brauta en þó jákvæð þróun í átt til jöfnunar á sumum brautum þó langt sé í land enn þá.

Umræða um fjölda nemenda í skólanum með erlent ríkisfang. Fjölgað hefur í þessum hópi á síðustu árum og einnig hversu margir stunda nám í íslensku sem annað tungumál. Þá var einnig talað um stöðu þeirra nemenda sem eru í almennu íslenskunámi en hafa mögulega ekki sama grunn í tungumálinu og íslenskir nemendur og vantar jafnvel ákveðinn grunn í sínum móðurmálum.

## 2. Gjaldskrá (SMS)

Aðstoðarskólameistari kynnti tillögur að breytingum á gjaldskrá FSu:

- gjald verði bætt við vegna stöðuprófa í erlendum tungumálum og verði 15 þús. kr.
- almennt tölvu- og efnisgjald (þ.m.t. Inna) hækki úr 5.000 kr. á önn í 6.000 kr.
- tekið verði úr gjaldskrá eftirfarandi færsla: Rútugjald vegna námsferða 1.500 kr.
- í staðinn komi: Annar sérstakur kostnaður við áfanga sem teknir eru í vali: Nemendur bera kostnað sem fylgir sérstökum áföngum sem þeir taka sem valáfanga. Hér er til dæmis um að ræða kostnað við ferðir, aðgangseyri inn á sýningar, í leikhús eða í bíó svo dæmi eru tekin.

Allar tillögur samþykktar.

## 3. Starfsmannamál – SMS/SSV

Aðstoðarskólameistari sagði frá helstu breytingum sem hafa orðið á starfsmannamálum við skólann frá sl. vori. Talsverður fjöldi starfsmanna lét af störfum, þar á meðal skólameistari, starfsmaður í tölvuþjónustu, þrír íslensku kennarar, tveir stuðningsfulltrúar og einn sérkennari. Í stað þeirra komu nýr skólameistari, nýr starfsmaður í tölvuþjónustu, tveir stuðningsfulltrúar, þrír sérkennarar og einn þroskaþjálfí. Á Reykjum var ráðinn nýr brautarstjóri skrúðgarðyrkjubrautar í stað fráfarandi brautarstjóra en viðkomandi kennir einnig á brautinni. Þá eru núna tveir kennarar í veikindaleyfi og tveir í námsleyfi.

## 4. Kvöldskóli – SMS

Aðstoðarskólameistari sagði frá stöðu mála í kvöldskólanáminu við skólann. Í dag eru þrír hópar í kvöldskóla sem stunda nám í pípulögnum, tveir hópar sem hófu nám sl. vor og einn sem hóf nám núna í haust, alls 38 nemendur. Fimm kennarar koma að kennslunni. Mikill áhugi er á að bjóða upp á nám í rafvirkjun eftir áramót en skv. ráðuneytinu er ekki svigrúm til þess.

## 5. Heimavist (SSV)

Umræða um heimavist skólans, núverandi stöðu og framhald á heimavist við skólann.

## 6. Önnur mál

SMS

REYKJABORG

a. Verkfall: umræða um boðað verkfall í FSu 29. október til 20. desember nk. Skólanefnd bókar eftirfarandi:

*Skólanefnd Fjölbautaskóla Suðurlands lýsir miklum áhyggjum af boðuðu verkfalli kennara i Fjölbautaskóla Suðurlands.*

*Ekki þarf að fjölyrða um þau alvarlegu áhrif sem verkfall getur haft á nám og stöðu nemenda og fjölskyldna þeirra.*

*Skólanefnd Fjölbautaskóla Suðurlands harmar að kennrar neyðist til að beita verkfallsþópni og hvetur samningsaðila til að ganga til samninga tafarlaust.*

b. Formaður Nemendafélagsins sagði frá því sem hefur verið í gangi undanfarið í félagslífi nemenda. Góðgerðarviku var að ljúka fyrr í dag þar sem um 360 þúsund kr. var safnað fyrir Pieta samtökin. Umræða um mögulega viðburði á vegum nemendafélagsins í boðuðu verkfalli.

Næsti fundur skólanefndar verður haldinn 29. nóvember kl. 13:00

Fundi slitið kl. 15:04

Fundargerð ritaði Sigursveinn Sigurðsson,

Jas J. Leijen  
Fundi slitið  
Elly Þomasdóttir  
Guðbjörn Bergsmaðr.  
Kriða Þorsteinsdóttir  
Johanna Þ. Johannsdóttir  
Sigursveinn Sigurðsson

10.  $\lim_{n \rightarrow \infty} \frac{1}{n} \sum_{k=1}^n f(x_k)$

11.  $\lim_{n \rightarrow \infty} \frac{1}{n} \sum_{k=1}^n g(x_k)$

12.  $\lim_{n \rightarrow \infty} \frac{1}{n} \sum_{k=1}^n h(x_k)$

13.  $\lim_{n \rightarrow \infty} \frac{1}{n} \sum_{k=1}^n i(x_k)$

14.  $\lim_{n \rightarrow \infty} \frac{1}{n} \sum_{k=1}^n j(x_k)$

15.  $\lim_{n \rightarrow \infty} \frac{1}{n} \sum_{k=1}^n k(x_k)$

16.  $\lim_{n \rightarrow \infty} \frac{1}{n} \sum_{k=1}^n l(x_k)$

17.  $\lim_{n \rightarrow \infty} \frac{1}{n} \sum_{k=1}^n m(x_k)$

18.  $\lim_{n \rightarrow \infty} \frac{1}{n} \sum_{k=1}^n n(x_k)$